TUDOR RAFGEYMAR
MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR 35 ÁR Á ÍSLANDI

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar

- 95Ah, 800 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon Boost)
- Nýjar og endurbættar blýgrindur (3DX)
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

PÓLLINN
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Póllinn ehf – Pollgötu 2 – 400 Ísafirði – Sími: 456 3092 – www.pollinn.is

VESTFIRÐIR

13. október 2016
18. TÖLUBLAÐ, 5. ÁRGANGUR

Sjómannaafsláttur fallinn niður

Arkir: Endurbókun

KAPITALISMINN OG ÓVINIR HANS

Í HNÍFSDALSVÍKINNI hefur verið sett upp gönguspil sem áður fyrr var notað til þess að draga upp fiskibátana. Það voru engar hafnaraðstæður og því þurfti að draga hvern bát upp á fjörukambinn að lokum róðri. Það var gert með sérstöku spili. Í það var fest taug sem kræk var í bátinn í lendingunni og hann síðan dreginn upp á kambinn með handafli. Menn röðuð sér á slána og gengu svo hring eftir hring og hífðu þannig bátinn upp. Sams konar aðstæður við líka á Bolungavíkurmölum og þar tíðkuðust göngspil vel fram á 20. öldina.

VERK VEST
Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

FÁNASMIÐJAN
Gluggafilmur
Sandblásturs og litaðar filmur í miklu úrvali

Skilti og límmiðar

Elding: Öll auðlindagjöld renni til byggðarlaganna

Smábátafélagið Elding á norðanverðum Vestfjörðum ályktaði um auðlindagjöld á aðalfundi sínum sem haldinn var á Ísafirði í síðasta mánuði. Í ályktuninni segir að öll veiði- og auðlindagjöld skuli renna til viðkomandi sveitarfélaga og byggðarlaga. Í rökstuðningi segir að byggðirnar þurfi að fjármagna grunnþjónustu hvað sem líði viðskiptum með kvóta. Því þurfi að tryggja byggðunum öruggar tekjur óháð breytingum á eignarhaldi kvóta. Ennfremur segir í ályktuninni að verði aflaheimildir byggðanna ekki nýttar eigi sveitarfélagið að geta gripið til þess ráðs að leigja þær.



Samþykkt Eldingar verður lögð fyrir aðalfund Landssambands smábátaeigenda sem haldinn verður í vikunni og þar leitað eftir stuðningi annarra félaga við hana.

Kristján Torfi Einarsson á Flateyri er fráfarandi formaður Eldingar.

Sögufélag Barðastrandasýslu

Föstudaginn 14. október, 2016, kl. 20.00 er boðað til aðalfundar Sögufélags Barðastrandasýslu á Hótel WEST, Aðalstræti 62, Patreksfirði.

Á dagskrá eru umfjöllunarefni samkvæmt samþykktum félagsins.

Gestur fundarins verður Daníel Hansen, ritstjóri Árbókar Barðastrandasýslu.

Patreksfirði, 6. október, 2016.
Formaður stjórnar,
Hjörleifur Guðmundsson

Þessa fallegu mynd af máríuerlu tók Jón Halldórsson á Hrófbergi í síðasta mánuði.

Sjómannaafsláttur inn fallinn niður

Sjómannaafsláttur inn var afnuminn með lögum skömmu fyrir jólin 2009. Ákveðið var að frá 2011 myndi afsláttur inn lækka um 25% á ári næstu fjögur árin og hann féll alveg niður í árslok 2014. Árið 2015 var fyrsta árið sem enginn afsláttur var.

Ríkisskattstjóri hefur nú birt gögn um sjómannaafsláttinn frá 2009. Þar kemur fram að öll árin til og með 2014 hafi sjómannaafsláttardagar verið um 1.300 þúsund . Afsláttur inn var frá 1.105 milljónir króna árið 2009 til 1.286 milljónir króna árið 2011. Næstu þrjú árin lækkaði afsláttur inn hratt. Árið 2012 var hann 985 milljónir króna, 2013 nam sjómannaafsláttur inn 652 milljónum króna og árið 2014 aðeins 311 milljónir króna. Ætla má að fullur sjómannaafsláttur á verðlagi í dag sé ekki undir 1.500 milljónir króna miðað við heilt ár. Sjómenn hafa gert kröfu til þess á hendur útgerðinni að fá afnám afsláttarins bætt, en án árangurs enn sem komið er. Um 6.000 manns nutu sjómannaafsláttarins.

Síðasta árið sem fullur sjómannaafsláttur var 2010. Þá var hann 987 kr/dag. Miðað við 30 daga afslátt lækkaði sjómannaafsláttur inn skatta um 29.610 kr á mánuði það ár. Þá var persónuafsláttur 44.205 kr./mán. Sjómaður sem fékk fullan sjómannaafslátt allan mánuðinn hækkaði þannig persónuafslátt sin um 67%.

Mikið er um að vera í Djúpuvík um þessar mundir, en þar standa yfir kvikmyndatökur. Hvílir mikil leynd yfir þeim. En sjá má að það hefur þurft að flytja mikið húspláss til staðarins. Mynd: Jón Halldórsson.

Bolungavíkurhöfn: 5,3 milljóna króna reikningur

Bolungavíkurhöfn gaf út, samkvæmt heimildum blaðsins Vestfirðir, reikning að upphæð 5,3 milljónir króna fyrir sin hlut í björgun á Finnbirni ÍS sem sökk í Bolungavíkurhöfn um síðustu jól. Vátryggingarfélag bátsins er Sjóvá og hefur það mótmælt reikningnum og telur hluta hans tilhæfulausan. Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungavíkur vill ekki gefa upp viðskipti við einstaka aðila, en staðfestir að ágreiningur sé um fjárhæð reikningsins og segir að viðskiptum við Sjóvá sé ekki lokið. Í skriflegu svari bæjarstjórans segir að reikningurinn sé ýtrasta krafa bæjarins vegna þjónustu slökkviliðsins vegna tjóns sem slökkviliðinu bar ekki skylda til þess að bregðast við. Segir Jón Páll Hreinsson að ekki hafi verið samið við Sjóvá um lækkun og að endanleg upphæð reikningsins sé óviss." Það má þó búast við því að upphæð upphaflegs reiknings muni lækka og tekið tillit verði til athugasemda Sjóva í málinu." segir í svari bæjarstjórans að lokum.

Torfi Einarsson, umboðsmaður Sjóvá á Ísafirði vildi ekki ræða einstök mál þegar við hann var haft samband. Eftir því sem blaðið kemst næst voru atvik þau að hringt var á 112 og slökkviliðið ræst út í neyðarkall án þess að nokkur þörf væri á því. Mun reikningurinn vera miðaður við laun til 18 slökkviliðsmanna og fullt útkall án þess þó að til atbeina þess hafi komið við björgunina í þeim mæli sem útkallið miðast við. Mun samkvæmt heimildum blaðsins Sjóvá vera tilbúið að greiða 1 milljón króna af þeim 5,3 milljónum sem reikningurinn hljóðar upp á. Það hefur ekki fengist staðfest.

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum.

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi.

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík

Sími: 567-3440, Fax: 587-9192

LEIÐARI

Stóra byggðastefnan

Íslensku hagkerfi verða til mikil verðmæti á hverju ári. Hversu mikil hverju sinni má ráða af því hver hagvöxturinn er. Almennt má segja að með vaxandi kaupmætti almennings hækka ýmis eftirsótt gæði í verði. Verð á fiskikvóta á Íslandsmiðum fylgir bættum efnahag í viðskiptaloöndum íslensks sjávarútvegs. Bættur kaupmáttur þar leiðir til hærra verðs á fiskafurðunum sem svo aftur hækkar það verð á kvóta sem útgerðin getur staðið undir. Það er ekki nema hálf sagan sögð þegar því er haldið fram að hátt kvótaverð síðustu 15 ár sé hagræðingunni í greininni að þakka. Hinn helmingurinn af sögunni er hækkandi kaupgeta viðskiptavinanna erlendis sem hefur stórlega hækkað afurðaverðið og er algerlega óháð því hvaða fiskveiðikerfi er notað við veiðarnar.

Spurningin og stóra pólitíska átakamálið sem stöðugt er hitamál í íslenskum stjórnmálum er hvernig skipta eigi verðmætunum milli landsmanna. Ekki bara þeim ábata sem framseljanlegt kvótakerfi kann að hafa í för með sér heldur ekki síður þeim ábata sem fylgir vaxandi kaupgetu. Fjárhæðirnar verða gríðarlegar þegar haft er í huga breytingarnar yfir langt tímabil eins og nokkra áratugi. Auðurinn sem verður til við þessi skilyrði er ekki einkaeign þeirra sem starfa við atvinnugreinina hverju sinni heldur eiga aðrir í þjóðfélaginu réttmætt tilkall til hans.

Ójöfn dreifing verðmætasköpunar

Önnur birtingarmynd af dreifingu eignamyndunar í þjóðfélaginu kemur skýrt og greinilega fram í fasteignaverði. Það hefur lengi legið fyrir að verð á fasteignum og kaupmáttur fylgjast mjög að. Þegar kaupmáttur vex fylgir hækkandi fasteignaverð í kjölfarið. Það hefur líka verið bent á samhengið milli verðs á fasteignum og atvinnuástands á einstökum landssvæðum. Þegar atvinna er stöðug og og hægt að treysta því til framtíðar að ekki verði snöggar breytingar helst eftirspurn eftir fasteignum og verð á þeim fylgir kaupgetunni.

Þegar horft er til þjóðfélagsins í heild hefur orðið mikil hækkun á ráðstöfunartekjum fjölskyldunnar á nokkrum áratugum. Það leiðir til samsvarandi verðhækkunar á íbúðarhúsnæði og stundum þegar mestur gangur hefur verið í efnahagslífinu hefur verð á afþreyingargæðum rokið upp líka, svo sem sumarbústöðum. En allir þurfa íbúðarhúsnæði og því hefur verðþróun á því verið góður mælikvarði á hag almennings. En hitt er flestum ljóst ef ekki öllum að dreifingin á efnahagslegum ávinningnum er ærið misjöfn. Sum landssvæði eru þannig stödd að íbúðaverð hækkar minna en landsmeðaltalið gefur tilefni til og á öðrum landsvæðum er stundum um hreina afturför að ræða. Það sést best með því að skoða þróun fasteignaverðs.

Kvótinn færði verðmætin til

Á árunum 1990 - 2004 lækkaði raunverð á íbúðarhúsnæði á Vestfjörðum um 28%. Á sama tíma hækkaði íbúðaverðið annar staðar á landinu að raungildi. Á höfuðborgarsvæðinu hækkaði það um 52%. Það þýðir að hafi tvær fasteignir verið jafnverðmætar árið 1990, önnur á Vestfjörðum og hin í Reykjavík að þá var staðan árið 2004 þannig að fasteignin í Reykjavík var 111% verðmeiri en sú á Vestfjörðum. Ástæðan er einföld atvinnumálin á Vestfjörðum hrundu. Svo gott sem allur kvóti fór frá Vestfjörðum á þessum árum fram til 1999. Raunlækkunin á Vestfjörðum varð mest eftir 1998. Þróunin á Austurlandi var á sama veg og á Vestfjörðum en um aldamótum snerist hún við og íbúðaverð tók að hækka. Það var vegna atvinnuuppbyggingar sem fylgdi stóriðjunni. Það sem máli skiptir eru tekjurnar og atvinnuöryggið. Að því er hlúð á höfuðborgarsvæðinu, einkum fyrir tilstilli ríkisvaldsins. En aðgerðir ríkisvaldsins á landsbyggðinni eru máttleysislegar, fálmkenndar og stundum stórlega skaðlegar hagsmunum íbúanna þar.

Ríkisstýrð eignaaukning

Síðustu 5 ár hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 600 milljarða króna að raungildi. Það má áætla sem 11,5 milljóna króna skattlausan ávinning á hverja íbúð að jafnaði. Hátt verð er vegna mikillar eftirspurnar og mikillar kaupgetu. Það er afrakstur af stóru byggðastefnunni sem aldrei er minnst á. Stóra byggðastefnan eru margvíslegar aðgerðir ríkisvaldsins til þess að bæta hag fólks á einu landsvæði sérstaklega. Ávinningi þjóðarinnar af vaxandi kaupmætti er markvisst dreift á fáa staði og þar blómstrar efnahagur íbúðareigenda. En þessi eignaaukning er ekki einkaeign höfuðborgarsvæðisins. Hún er vegna efnahagsstarfsemi um allt land. Því á að dreifa ávinningum um landið. Þeir sem fá upp í hendurnar fyrirhafnarlaust milljónir vegna hækkunar fasteignaverðs eiga ekki þá peninga heldur skulda hinum sem verða að þola tjónið af stóru byggðstefnunni. Það er með fasteignaauðinn eins og kvótagróðann að það eiga allir sinn hlut og hlutverk ríkisvaldsins og stjórnmálamannannar er að dreifa auðnum og tækifærunum jafnt milli landsmanna, óháð búsetu.

Kristinn H. Gunnarsson

VESTFIRÐIR

18. TBL. 5. ÁRGANGUR 2016

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is. **Umbrot:** Vefpressan. **Prentun:** Landsprent, 3.400 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM

GÍSLI Á UPPSÖLUM

Í síðasta mánuði var frumsýnt leikritið Gísli á Uppsölum og eins og vera ber þaðp sýnt í Selárdalskrikju í Arnardal. Gísli á Uppsölum varð landsfrægur árið 1981 eftir að sjónvarpsþáttur um hann

Var sýndur í ríkissjónvarpinu. Höfundar að leikverkinu um Gísla á Uppsölum eru Arnfirðingarnir Elfar Logi Hannesson og Þröstur Leó Gunnarsson. Sýnt var fyrir fullu húsi. Síðan hafa verið fleiri sýningar og meðfylgjandi myndir voru teknar á Þingeyri. Heimildarmaður blaðsins segir sýninguna hafa verið alveg magnaða. Myndirnar tók Davíð Davíðsson.

VESTFIRSKA VÍSNAHORNIÐ

Í síðasta þætti varð umsjónarmanni á meinleg villa. Birt var vísa sem eignuð var Elísi Kjaran Friðfinnssyni en hún er eftir Elías Þórarinsson frá Hrauni í Keldudal í Dýrafirði. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum. Vísuna orti Elías til konu sinnar Kristjönu Vagnsdóttur í tilefni af tvítugsafmæli hennar. Fer vel á því að birta vísuna aftur nú þegar tilefnið er réttilega rakið:

Nú hefur þú séð þinni bernsku á bak
og brosað við fangbrögðum lífsins.
En það er nú vina mín tvítugra tak
að tefla í refskákum lífsins.

Elías Mikael Vagn Þórarinsson (1926-1988) var afkastamikill hagyrðingur og gat verið býsna beinskeyttur þegar sá gállinn var á honum. Einhverju sinni fór Elías á fund kaupfélagsstjórans á Þingeyri og orti svo að þeim fundi loknum:

Þú varst okkur ekkert þing
ergir menn í sinni
Fyrir sér hvern fimmeyring
fórnarðu gleði þinni.

Nirfilsál er næsta ber,
náð frá öðrum sníkir.
Þar sem mannslund engin er
andleg fátækt ríkir.

Annar Dýrfirðingur, Bergur Torfason frá Felli í Mýrarhreppi hinum forna yrkir um fjörðinn sinn í blíðunni og í haustlitunum:

Sjáið hvað fjörðurinn fallegur er,
þar fjöllin á höfði standa,
haustlitur skrúða landinu lér,
- þá létt er að draga anda.

Georg Jón Jónsson, bóndi á Kjörseyri við Hrútafjörð hefur einnig orð á því að "undanfarna daga hefur verið einstök blíða, eins og sumarauki." Í lognkyrrðinni eitt kvöldið varð til þessi vísa:

Meðan á rökkur rólega sígur
raddirnar hljóðna og dofna.
Aldan við ströndina höglega hnígur
heimurinn er að sofna.

Einmuna haustblíðan að undanförnu verður þriðja bóndanum að yrkisefni. Indriði Aðalsteinsson á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp orti um daginn þegar blíðan var hvað mest:

Gott er haust og gæðaríkt
gleður bæði þig og mig.
Ekki lifað áður slíkt
alla jafna fimmtán stig.

Haustinu fylgir ýmislegt fleira sem bændum áhugavert. Georg Jón segir svo frá:

Var að koma af mikilli lambhrútasýningu sem sauðfjárbændur í Strandasýslu halda árlega, þar var mikið af fallegum lömbum, góð sýning að öllu leiti og vel að henni staðið. Þá rifjaðist upp hjá mér vísa sem varð til fyrir nokkrum árum.

Strandirnar búa yfir einstökum auði
öræfatign og sterkum rótum.
Þar er mikið um sérstaka sauði
Sumir þeirra á tveimur fótum.

Það hafa orðið mikil tíðindi á stjórnmálasviðinu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var felldur úr formannsstóli í Framsóknarflokknum. Sigmundur nefndi eitt og annað til sem hefði gengið honum í mót. Indriði á Skjaldfönn dró saman rökin:

Sigmundi ei bætist böl
bitrir hnífar skína.
Að honum sækir illskæð kvöl
alla leið frá Kína.

Viðbrögðum Sigmundar Davíðs lýsir Indriði á þennan veg:

Á sér taumhald aldrei kann
enginn manninn skilur.
Út úr húsi æddi hann
eins og fellibylur.

Ekki fleira að sinni úr haustblíðunni
Kristinn H. Gunnarsson

Gott í baksturinn...

Lindu suðusúkkulaði fullkomnar baksturinn

Linda

PIPAR\TBWA • SÍA • 143801

Höfuðborgarsvæðið: 10 milljóna króna eignaaukning á 5½ ári

Íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hefur frá ársbyrjun 2010 hækkað langt umfram almennt verðlag. Þjóðskrá Íslands gefur út vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu. Í byrjun árs 2010 varð það hvað lægst eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 en síðan þá hefur verðið hækkað úr 303,3 stigum upp í 490,2 stig í ágúst 2016. Hækkunin er 61,6%, sem er gríðarmikil hækkun á aðeins 5½ ári. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 22,3%, en fjárskuldbindingar eru miðaðar við hana. Þetta þýðir að raunhækkun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu eru 32%.

Sem dæmi má nefna að íbúð sem kostaði 25 milljónir króna í byrjun árs 2010 er nú í ágúst metin á 40,4 milljónir króna sé tekið meðaltal yfir allar íbúðastærðir og staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Hækkunin er hvorki meira né minna en rúmar 15 milljónir. Hafi íbúðin verið greidd í upphafi með jafnháu veðtryggðu láni eða 25 milljónum króna stendur lánið í 30,6 milljónum króna að því gefnu að ekkert hafi verið greitt af láninu annað en vextir. Hreint eigið fé sem var 0 við kaupin nemur nú 9,8 milljónum króna hafi kaupin verið gerð með þessum hætti. Eigið fé er þá orðið um 25% af söluverðmæti íbúðarinnar.

Skýringin á þessari fyrirhafnarlausu eignamyndun liggur í hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem er langt umfram hækkun verðlags.

600 milljarðar króna - skattfrjálst

Hagstofa Íslands birti fyrir fáum dögum upplýsingar um skuldir, eignir og eiginfjárstöðu einstaklinga eftri fjölskyldugerð, aldri og búseti fyrir árin 1997 - 2015. Þar kemur fram verðmat fasteigna á höfuðborgarsvæðinu er 2.630 milljarðar króna í lok árs 2015 og hefur það hækkað úr 1.734 milljörðum króna frá 2010. Hækkunin er 896 milljarðar króna eða nærri 52%. þegar tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysluverðs er raunhækkunin 29%. Það er ekki fjarri upplýsingunum sem fram koma í gögnun Þjóðskrár Íslands. Raunhækkunin nemur liðlega 600 milljörðum króna. Sé þeirri fjárhæð deilt jafnt niður á þær 70 þúsund íbúðir sem eru á höfuðborgarsvæðinu kemur út að hver íbúð hefur hækkað um 11,5 milljónir króna að meðaltali. Almennt er hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis í eigu einstaklings skattfrjáls ávinningur. Söluhagnaður sem kemur til vegna verðhækkunar á íbúðum er samkvæmt lögum um tekjuskatt undanþeginn skattlagningu hafi eigandi átt íbúðina lengur en í 2 ár og heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis í eigu einstaklings á söludegi er innan 600 m^3, sem jafngildir liðlega 200 m^2. Fyrir sambúðarfólk eru mörkin tvöfalt hærri.

Hagstofan birtir einnig upplýsingar um mat á fasteignum á landsbyggðinni. En þar er aðeins ein tala fyrir allt landið utan höfuðborgarsvæðið. Óskað var eftir frekari sundurliðun á landsbyggðinni eftir svæðum þar, sérstaklega var óskað eftir upplýsingum um Vestfirði en erindinu var synjað með þeim rökum að rekjanleiki gagnanna kæmi í veg fyrir frekari sundurliðun.

Nýlenduarðurinn

Vilhjálmur Egilsson, rektor háskólans á Bifröst birti nýlega grein á vef fréttablaðsins Skessuhorns á Akranesi um þetta efni. Vilhjálmur segir í greininni að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi frá 1995 hækkað tvöfalt meira en almennt verðlag. Telur hann að verðmæti íbúðarhúsnæðisins sé um 1250 milljörðum króna meira af þeim sökum. Á landsbyggðinni samanlagt hafi íbúðaverð hækkað um 200 - 250 milljarða króna umfram verðlag. Mismunurinn er um 1000 milljarðar króna sem Vilhjálmur kallar nýlenduarð. Bendir hann á ýmsar aðgerðir ríkisvaldsins sem hafi styrkt höfuðborgarsvæðið og þannig leitt til umframverðhækkunarinnar á höfuðbrogarsvæðinu. Vilhjálmur bendir á að "fjölskylda sem keypti sér íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir 20 árum og er nú að selja sömu eign getur þannig reiknað með að um helmingur söluverðsins sé skattfrjáls söluhagnaður vegna verðhækkunar umfram almennt verðlag."



Þróun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu 2010 - 2016. Heimild: Þjóðskrá Íslands.



Þróun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu og launavísitölu 2010 - 2016. Heimild: Hagstofa Íslands.

Þörungaverksmiðjan hf.

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum sækir þang- og þara í Breiðafjörðinn og framleiðir mjöl af háum gæðum. Nýting sjávargróðurs er vottuð sem sjálfbær og vinnsla og afurðir eru lífrænt vottaðar. Ársverk eru um 20 í verksmiðju og á skipi félagsins auk verktaka á sláttarprömmum þess. Ársvelta er um 500 milljónir kr. Afurðir eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu fóðurbætis, áburðar og snyrtivara auk alginats sem notað er í matvæla- og lyfjaframleiðslu. Þörungaverksmiðjan er að stærstum hluta í eigu FMC Health and Nutrition (71%) og Byggðastofnunar (28%). Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hefur gengið vel og er fyrirhugað að efla hann frekar á komandi árum. Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug, bókasafn og önnur þjónusta.

Verkstæðisformaður

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða verkstæðisformann. Hann hefur yfirumsjón með eftirliti og viðhaldi á sláttarprömmum, vélum og búnaði verksmiðjunnar. Verkstæðisformaður tekur þátt í áætlunum og undirbúningi við breytingar og endurbætur verksmiðju, tækjabúnaðar og verkstæðis. Hann gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kröfur um öryggi og umhverfismál.

Helstu verkefni

- Öryggi starfsmanna, velferð þeirra og umhverfismál
- Stöðugar umbætur varðandi öryggismál
- Skipulag og verkstjórn á verkstæði og samræming á samstarfi við aðrar deildir fyrirtækisins
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Samskipti við birgja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Lipurð í samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun
- Enskukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, árangursmiðaður og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áræði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla ásamt góðum kjörum.

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**).*
*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2016. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

ÞORLÁKSHÖFN

Þorlákshöfn er á suð-vesturströnd Íslands. Þar er eina höfn Suðurlands allt austur að Hornafirði. Frá höfninni eru góðar og greiðfærar samgöngur til allra átta, aðeins 40 km til Reykjavíkur og ekki nema u.þ.b. 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir Suðurstrandarveginum. Höfnin liggur vel við góðum fiskimiðum og í landi eru fjölmörg fyrirtæki til að vinna úr aflanum. Fiskmarkaður er á staðnum og fullkomin frystigeymsla og tollvöruhús, Kuldaboli, er staðsett við höfnina.

Í Þorlákshöfn eru fjölmörg fyrirtæki sem bjóða fjölhæfa þjónustu fyrir fiski- og flutningaskip t.d. olíuverslun, flutningar, alhliða viðgerðarþjónustur, köfun, netaviðgerðir og lifrabræðsla. Þar er einnig öll helsta þjónusta sem nauðsynleg er í nútímasamfélagi; banki, matvöruverslun, bakarí, kaffihús, veitingastaðir, heilsugæsla, lyfjaverslun, frábært íþróttahús, líkamsræktarstöð og sundlaug.

FYRIRHUGUÐ STÆKKUN HAFNARINNAR

Höfnin hefur verið í mikilli uppbyggingu síðustu ár og framtíðaráform eru um enn meiri stækkun sem gæti þjónustað Evrópusamgöngur - en stórskipahöfn í Þorlákshöfn styttir siglingatíma til helstu borga í Evrópu töluvert miðað við siglingu til og frá Reykjavík. Mikið framboð er af hentugu landrými til ýmiss konar starfsemi og er staðsetningin mjög heppileg út frá helstu skilyrðum sem fjárfestar setja um staðarval fyrir iðnað og framleiðslu. Fyrir liggur skipulag á tæplega 540 hektara iðnaðarsvæði í nágrenni Þorlákshafnar. Samgöngur við svæðið eru góðar og stutt í virkjanir og því er flutningskostnaður orku í lágmarki. Það auk stórskipahafnar hefur verulegt aðdráttarafl fyrir erlend fyrirtæki sem sýnt hafa áhuga á að reka starfsemi á Íslandi.





- Eina höfnin á Suðurlandi
- 40 km til Reykjavíkur
- 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fullkomið frystivöruhótel og landamærastöð
- Bryggjukantar um 1200 m
- Mesta dýpi við kant 8 m
- Dýpi í innsiglingu 7,5 - 8 m
- Fiski-, flutninga- og tollhöfn
- Hafnsögubátur 900 hö.
- Frábært íþróttahús og sundlaug
- Öll almenn þjónusta við skip
- Öll almenn þjónusta við áhafnir
- Fiskmarkaður og fiskvinnslufyrirtæki
- Ísframleiðsla með GÁMES vottun

Þorlákshöfn

Þorlákshöfn
Hafnarbakka 8
815 Þorlákshöfn
Sími 480-3602
Hafnarstjóri 691-6575
hofn@olfus.is
www.olfus.is

Hafnarvog
Sími 480-3601
Fax 483-3528
hafnarvog@olfus.is

Hafnarvörður
Sími 893-3659
- sólarhringsvakt
Kallrás á VHF 12

Erindisbréf handa jafnaðarmönnum á nýrri öld eftir **Jón Baldvin Hannibalsson**

Kapitalisminn og óvinir hans

KAPITALISMINN – með sinni forhertu skírskotun til eigingirni mannsins og gróðafíknar – verður seint kenndur við siðaboðskap kristninnar. Það er ekkert „sælla-er-að-gefa-en-þiggja“ á hans kokkabókum. Pólskur háðfugl, sem var að lýsa hlutskipti fólks í hinum hráslagalega kapitalisma, sem tók við þar í landi eftir fall kommúnismans – sjokk-þerapía var það kallað – en reyndist vera meira sjokk en þerapía, komst að þeirri niðurstöðu, að svo frumstæður kapítalismi gæti ekki þrifist í himnaríki. Reyndar ætti hann ekkert erindi í helvíti heldur, því að hann væri þar fyrir.

Það er leitun að manni, sem lýst hefur aðdáun sinni á frumkapítalisma iðnbyltingarinnar af jafnmikilli aðdáun og Karl Marx. Hann fékk ekki dulið hrifningu sína á þessari gróðakvörn, sem muldi mélinu smærra alla fyrirstöðu og hámaði í sig auðlindir jarðar á útþensluskeiði nýlendustefnunnar. Samt komst hann að þeirri niðurstöðu, að vegna innri mótsagna mundi kapítalisminn, að lokum, tortíma sjálfum sér. Æ tíðari offramleiðslukreppur fjölguðu sífellt í „varaher atvinnuleysingjanna“. Samþjöppun auðs á fáar hendur mitt í örbirgð fjöldans myndi að lokum framkalla byltingu. Öreigar allra landa sameinist!

Var ekki Oxfam að tilkynna um daginn, að 64 ofurríkustu einstaklingarnir réðu yfir meiri auði en helmingur mannkyns, ca. 3.6 milljarðar manna? Og fjöldaatvinnuleysi – allt að annar hver maður meðal ungs fólks í sumum löndum Evrópusambandsins – er orðið innbyggt í kerfið.

Byltingin kom að vísu, eins og Marx spáði – en þar sem hann átti hennar síst von: Í frumstæðu lénsveldi ánauðugra bænda á Volgubökkum, en ekki í hinum þróuðu iðnríkjum. Bylting Leníns og Stalíns endaði í gúlaginu og er nú husluð á öskuhaugum sögunnar. En hvers vegna rættist ekki spá Marx um byltingu öreiganna í iðnríkjum Vesturlanda? Það var vegna þess að við, seinni tíma lærisveinar Marx á Vesturlöndum, virkjuðum afl lýðræðisins í þágu fjöldans.

Fjöldahreyfingar vinnandi fólks, verkalýðshreyfingin og hinn pólitíski armur hennar, jafnaðarmannaflokkarnir, virkjuðu lýðræðið til að breyta þjóðfélaginu – beisla kapítalismann. Koma á hann böndum. Hafa hann undir eftirliti. Setja honum lög og reglur í þágu almannahagsmuna. Hvergi í heiminum hefur þetta tekist jafnvel og á Norðurlöndum, eins og ég vík að síðar.

Þetta er okkar erindisbréf, jafnaðarmanna; að hemja kapítalismann, en um leið að forða honum – og okkur – frá sjálfstortímingu.

Uppreisn nýfrjálshyggjunnar gegn velferðarríkinu.

Við jafnaðarmenn megum síst allra gleyma því, að nýfrjálshyggjutímabilið, sem nú er í andaslitrunum, byrjaði með uppreisn gegn velferðarríkinu á 8unda áratug síðustu aldar – með því að vekja upp aftur trúna á óskeikulleik markaða og skaðsemi ríkisafskipta. Þeir skilgreindu okkur sem óvininn. Vandi okkar er að verulegu leyti sá, að okkur hefur láðst að gjalda líku líkt.

Hugtakið nýfrjálshyggja er reyndar afar villandi orðanotkun, nánast orwellskt öfugmæli. Þetta fyrirbæri er nefnilega hvorki nýtt né á það nokkuð skylt við frelsisbaráttu fjöldans. Þvert á móti. Þetta er uppvakningur úreltra laissez-faire hagfræðikenninga aftan úr 19du öld. Kjarni þeirra er bernsk trú á óskeikulleik markaða og eðlislæga getu þeirra til að leiðrétta sjálfa sig. Báðar þessar trúarsetningar hafa reynst rangar. Kerfisbrestur óbeislaðs kapítalisma í kreppunni miklu milli 1930 og 1940 á seinustu öld staðfesti skipbrot þessarar hugmyndafræði þá þegar. Sagan endurtók sig 2008 með Hruninu. Og allt er þegar þrennt er: Vegna þess að kerfið var, þrátt fyrir Hrunið, endurreist skv. sama módeli, teljast meiri líkur en minni vera á því, að kerfið hrynji yfir okkur einu sinni enn.

Það tók heilan áratug með íhlutun ríkisins – „New-Deal“ í Bandaríkjunum og Norræna módelið í Skandinavíu – og reyndar heila heimsstyrjöld, sem kostaði 50 milljónir mannslífa, að blása lífsanda í nasir skepnunni á ný og koma á hana böndum. Aldarfjórðungurinn eftir seinna stríð reyndist vera gullöld hins sósíal-demókratíska velferðarríkis. Árangur þess er óumdeilanlegur. Þetta var tímabil öflugs hagvaxtar (miklu meiri en á s.l. 3 áratugum nýfrjálshyggjunnar); Það einkenndist af vaxandi jöfnuði lífsgæðanna (öfugt við hraðvaxandi ójöfnuð á tímabili nýfrjálshyggjunnar). Þetta var framfaratímabil, sem var laust við kreppur (ólíkt tímabili nýfrjálshyggjunnar).

Árangurinn byggðist ekki síst á því, að sjálfum forsendum nýfrjálshyggjunnar um alræði markaða og böl ríkisafskipta, var hafnað. Þess í stað viðurkenndu menn mikilvægt hlutverk lýðræðislegs ríkisvalds til að setja mörkuðum skýrar leikreglur; og til að fyrirbyggja eðlislægar tilhneigingar óbeislaðs markaðskerfis til óviðundandi misskiptingar auðs og tekna.

Gjaldþrot Lehman´s Brothers í september 2008 táknar endalok þessarar endurteknu nýfrjálshyggju-tilraunar. Enn á ný endaði þessi tilraun með óbeislaðan kapítalisma í Hruni. Það sem við tók var stærsti björgunarleiðangur ríkisins í sögunni til að forða okkur frá nýrri heimskreppu. Þessi reynsla hefur afhjúpað ný-frjálshyggjuna endanlega. Þetta eru gervivísindi í þjónustu hinna ofurríku. Það er margt líkt með nýfrjálshyggjumönnum og kommúnistum fyrri tíðar. Báðir trúa á „Stóra sannleik“.

Nýfrjálshyggjan er í reynd í fullkominni andstöðu við frelsishugsjónina. Auðvald hinna fáu þýðir helsi hinna mörgu. Og að svo miklu leyti, sem þetta er hugmyndafræði í þjónustu hinna ofurríku og hafnar hlutverki lýðræðislegs ríkisvalds, er kenningin andlýðræðisleg. Hún á fátt sameiginlegt með frjálslyndisstefnu (liberalism) 19du aldar, sem studdi lýðræðislegar umbótahreyfingar fyrir atbeina lýðræðislegs ríkisvalds, í nafni mannúðartefnu.

Sjúkt fjármálakerfi – undirrót ójafnaðar.

Auðsöfnun í höndum fárra fylgir gríðarlegt pólitískt vald. Þetta forréttindavald hinna fáu er þegar orðið ógnun við lýðræðið. Hinir ofurríku öðlast vald til að breyta helstu leikreglum samfélagsins sér í hag. Lýðræðið verður þá fórnarlamb auðræðis. Markaðir lúta ekki neinum náttúrulögmálum. Markaðir eru gerðir af manna höndum. Þeir geta verið góðir til síns brúks, ef þeir lúta lögum og reglum í þágu almannahagsmuna. Það ræðst allt af pólitík. Ef þessar reglur eru hannaðar í þágu hinna ofurríku, eins og t.d. er þegar orðinn hlutur í Bandaríkjunum (og um of innan Evrópusambandsins), er það ekki einungis ógnun við lýðræðið, heldur líka grundvallarreglur réttarríkisins. Við erum ekki lengur jöfn fyrir lögunum. Tökum nokkur dæmi:

Sjúkt fjármálakerfi: Á tímabili frjálshyggjunnar upp úr 1980 hefur fjármálakerfið vaxið raunhagkerfinu gersamlega yfir höfuð. Sívaxandi hluti hagnaðar hinna ofurríku á uppruna sinn í kaup-hallar- og fasteignabraski, sem hvort tveggja stjórnast af skammtíma gróðavon, fremur en af langtíma fjárfestingum í framleiðsluferlum, sem skapa atvinnu. Örfáir alþjóðlegir risabankar eru markaðsráðandi, svo stórir, að þeir teljast geta dregið hagkerfi heimsins með sér í fallinu, ef á reynir.

Eldvarnarveggurinn milli venjulegra viðskiptabanka, sem þjóna atvinnulífi og samfélagi, og áhættusækinna „skuggabanka“, sem hafa fitnað eins og púki á fjósbita, var reistur að fenginni reynslu í Kreppunni miklu, þegar þúsundir banka hrundu. Þessi varnarveggur var rifinn niður fyrir seinustu aldamót. Þar með varð fjandinn laus. Innistæðutryggingar með stuðningi ríkisins, sem eru nauðsynlegar til að tryggja venjulegan sparnað, voru látnar ná yfir glæfralega áhættusamt fjármálabrask.

Þar með er siðferðileg bjögun („moral hazard“), að taka blinda áhættu með annarra fé, í von um ofsagróða – en í trausti þess, að aðrir beri skaðann, ef illa fer, orðin kerfislæg. Þetta er örhvikt áhættufjármagn, sem leitar um allan hnöttinn að skammtímagróða, en fælist og flýr við fyrstu viðvörunarmerki um vandræði. Þegar það flýr, skilur það eftir sig sviðna jörð.

Afleiðingarnar lýsa sér í hrundum gjaldmiðlum, gjaldþrotum banka og ofurskuldsettum ríkjum. Aðeins íhlutun ríkisstjórna, seðlabanka og alþjóðastofnana, hafa hvað eftir annað komið í veg fyrir hrun fjölda ríkja á tímabili nýfrjálshyggjunnar. Það er orðin regla fremur en undantekning, að ríki (skattgreiðendur) verði að koma fjármálastofnunum til bjargar.

Frelsi án ábyrgðar: Ein af kenningum frjálshyggjunnar er sú, að forstjórum fyrirtækja beri aðeins skylda til að hámarka verð hlutabréfa og ársfjórðungslegan hagnað hluthafa. Engu skiptir, þótt hlutafé gangi kaupum og sölum frá degi til dags og eigendahópurinn sé þar með síbreytilegur. Í krafti þessarar kenningar eru forstjórar sagðir þurfa innbyggða hvata til að hámarka gróða. Þetta á að réttlæta forstjóralaun með kaupaukum, sem orðin eru mörghundruðföld á við meðallaun starfsmanna fyrirtækjanna. Engu breytir þótt þessir sömu forstjórar keyri fyrir tækin í þrot – þeir hirða samt umbunina. Kostuleg „árangursstjórnun“ það, eða hitt þó heldur.

Myndir: Sigurður Sveinsson.

Þarna er að finna hluta skýringarinnar á því, hvers vegna tekjur og eignir safnast sífellt á æ færri hendur, á sama tíma og raunlaun standa í stað. Þetta skýrir líka, hvers vegna langtímafjárfestingar eru vanræktar; hvers vegna það dregur úr sköpun nýrra starfa, langtíma-atvinnuleysi festir sig í sessi, starfsöryggi launþega fer þverrandi, og stöðugt er gengið á félagsleg réttindi þeirra.

Í þessari gróðamyndunarmaskínu eru innbyggðir hvatar til að stunda markaðsmisnotkun, innherjaviðskipti, bókhaldshagræðingu og aðra fjármálaglæpi. Hin siðferðilega bjögun er innbyggð í kerfið. Kerfið er fársjúkt.

Ísland er gott dæmi um þetta: Nýeinkavæddir bankar hlóðu upp skuldum í erlendum gjaldmiðlum, sem námu meira en tífaldri þjóðarframleiðslu okkar, áður en skuldafjallið hrundi. Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu, að margir af eigendum/stjórnendum bankanna hefðu gert sig seka um glæpsamlega hegðun skv. mottóinu: „Besta leiðin til að ræna banka er að eiga banka“. Nefndin komst líka að þeirri niðurstöðu, að stjórnmálaforystan og eftirlitsstofnanir væru uppvís að vanrækslu og hefðu brugðist skyldum sínum. Alþingi reyndist ófært um að bregðast við þessum niðurstöðum með ábyrgum hætti, hvað þá heldur að fylgja þeim eftir með stjórnkerfisumbótum. Þar með brast traustið. Niðurstaðan af frjálshyggjuævintýrinu í hverju landinu á fætur öðru, er víðast hvar sú sama: Öllu er snúið á haus: Hagnaðurinn er einkavæddur, en skuldirnar eru þjóðnýttar. Hvað segir þetta okkur um jafnræði frammi fyrir lögunum og stöðu réttarríkisins?

Skattaskjólin: Frumskylda lýðræðislegra stjórnvalda er að tryggja jafnræði allra frammi fyrir lögunum. Hvernig má það vera, að lýðræðislegar ríkisstjórnir, fulltrúar almannavaldsins, láta bjóða sér, að eigendur fjármagnsins, hinir ofurríku (þetta eina prósent, sem á eða ræður meirihluta jarðneskra gæða), taki lögin í eigin hendur og undanskilji tekjur sínar og eignir frá skattlagningu í almannaþágu?

Sívaxandi ójöfnuður: Þetta fársjúka og stjórnlausa fjármálakerfi, sem hefur þanist út á tímabili nýfrjálshyggjunnar, hefur leitt af sér sívaxandi ójöfnuð auðs og tekna. Þessi ójöfnuður er nú orðinn meiri en hann var, áður en áhrifa velferðarríkis jafnaðarmanna fór að gæta eftir seinna stríð.

Eitt prósent hinna ofurríku eiga nú meiri en auð en 99% mannkyns. Í Bandaríkjunum á 1/tíundi af einu prósenti jafnmikinn auð og 90% Bandaríkjamanna til samans. Meira en helmingur allra fjármagnstekna (arður, vextir, leiga, o.s.fr.) rennur til innan við 1% mannkyns. 58% nýrra tekna eftir hrun í Bandaríkjunum renna til 1% hinna ofurríku.

Hlutur launa í þjóðartekjum heimsins í samanburði við arð af fármagni hefur lækkað svo nemur risavöxnum upphæðum. Ein skýringin er sú, að verkalýðshreyfingin er víðast hvar á undanhaldi. Þessar þróunartilhneigingar eru innbyrðis tengdar. Sóknin eftir skammtímagróða gegnum kaup-hallar- eða fasteignabrask þýðir minni langtímafjárfestingu í innviðum þjóðfélagsins og í raunhagkerfinu og þ.a.l. vel borgandi störf og meira atvinnuleysi. Gefum Bernie Sanders orðið:

„The global economy is not working for the majority of the people in our country and the world. This is an economic model developed by the economic elite to benefit the economic elite. We need real change.“

Norræna módelið

Það sem greinir norræna módelið frá öðrum, tók á sig mynd í hinum harðvítugu þjóðfélagsátökum í heimskreppunni á millistríðsárunum á seinustu öld. Í Vestri blasti við kerfisbrestur hins óbeislaða kapitalisma í Bandaríkjunum, sem gat af sér heimskreppuna. Í Austri fylgdumst við með tilrauninni með Sovét-kommúnismann (afnám einkaeignaréttar og þjóðnýting á framleiðslutækjunum). Miðstýrður áætlunarbúskapur, sem umhverfðist pólitískt í lögregluríki, þar sem lýðræðinu og réttarríkinu var rutt úr vegi. Tilraunin endaði í gúlagi Stalíns.

Norrænar sósíal-demókratar höfnuðu báðum þessum kostum. Þeir fóru „þriðju leiðina“. Við viðurkenndum nytsemi samkeppni á markaði, þar sem hún átti við, fyrir hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta og auðsköpun. En við lögðum markaðinn undir stjórn og eftirlit ríkisins, til þess að koma í veg fyrir markaðsbrest (einokun, fákeppni og

samþjöppun auðs), til að gæta almannahagsmuna. Þegar kom að menntun, heilsugæslu og grunnþjónustu (orka, vatn, almannaþjónusta o.s.fr.), höfnuðum við gróðasjónarmiði einkareksturs og buðum í staðinn upp á almannaþjónustu á forræði ríkis og sveitarfélaga. Við nýttum lýðræðislega fengið vald ríkisins sem tæki til að halda sérhagsmunum í skefjum og til að tryggja meiri jöfnuð í eigna- og tekjuskiptingu en markaðurinn hefði ella leitt til.

Í óbeisluðu markaðaskerfi er vald eigenda framleiðslutækja og fjármagns gríðarlegt. Atvinnurekendavaldinu fylgir mikið pólitískt vald. Fjármagnseigendur eru bakhjarlar hægri flokka, sem þeir gera út til að gæta hagsmuna sinna. Ef þeir ná hinu pólitíska valdi undir sig líka, býður það hættunni heim á forræði sérhagsmuna („crony capitalism"). Það sem einkennir norræna módelið er, að hægri flokkar (hagsmunagæsluaðilar sérhagsmuna) hafa lengst af verið þar í minnihluta; og að hinn pólitíski armur verkalýðshreyfingarinnar – jafnaðarmannaflokkarnir – hefur verið í meirihluta áratugum saman.

Almannahagsmunir hafa því verið ráðandi. Þetta hefur hvergi gerst annars staðar. Þótt bandalag hægri flokka hafi einstaka sinnum komist til valda, hafa þeir ekki notið stuðnings við að limlesta velferðarríkið. Jafnaðarstefnan - sósíal-demókratí – hefur verið ráðandi hugmyndafræði í þessum þjóðfélögum. Þetta á þó ekki við um Ísland, eins og Þröstur Ólafsson gerði rækilega grein fyrir í sínu frábæra erindi.

Tækin sem við notum eru núorðið kunnugleg: Almannatryggingar (sjúkra-, slysa-, örorku-, elli-, og atvinnuleysistryggingar), frjáls aðgangur að hágæða heilsugæslu og menntakerfi, sem greitt er fyrir með stighækkandi sköttum; virk vinnumarkaðsstefna til að uppræta atvinnuleysi; aðgangur að húsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir alla. Mikil áhersla er lögð á jafnrétti kynja og stuðning við barnafjölskyldur. Öll eru þessi réttindi flokkuð sem mannréttindi – en ekki ölmusur handa þurfalingum.

Afleiðingin er þjóðfélag, þar sem jöfnuður í eigna- og tekjuskiptingu er meiri en annars staðar á byggðu bóli. Frelsi einstaklingsins nýtur virks stuðnings í reynd. Félagslegur hreyfanleiki – getan til að vinna sig frá fátækt til bjargálna – er meiri en annars staðar. Bandaríkin voru einu sinni kölluð land tækifæranna. Ekki lengur. Þar ríkir nú harðsvíraðri stéttaskipting en jafnvel í gömlu Evrópu. Norræna módelið er á okkar dögum í fremstu röð sem land tækifæranna.

Norræna módelið er eina þjóðfélagsmódelið, sem mótað var á öldinni sem leið, sem staðist hefur dóm reynslunnar á tímum hnattvæddrar samkeppni á 21stu öldinni. Kommúnisminn er hruninn á öskuhaugum sögunnar. Óbeislaður kapítalismi skv. forskrift nýfrjálfshyggjunnar, hrekst úr einni kreppunni í aðra, en tórir enn í gjörgæslu ríkisins.

Eins og fyrr var sagt, byrjaði nýfrjálshyggjan sem uppreisn gegn velferðarríkinu. Samkvæmt kenningum nýfrjálshyggjunnar á velferðarríkið, með sínum háu sköttum og ófluga ríkisvaldi, að vera ósamkeppnishæft. Það dæmist því til að dragast aftur úr í alþjóðlegri samkeppni vegna hárra skatta og lamandi íhlutunar ríkisvaldsins, sem spillir hagkvæmni markaðslausna. Kerfið er sagt eyða öllum hvötum til sjálfsbjargarviðleitni. Í staðinn fyrir hugarfar frumkvöðulsins verði hugarfar þiggjandans allsráðandi. Það vanti allan sköpunarkraft – „dínamik" – í kerfið. Það hljóti að enda í stöðnun. Og að möppudýr kerfisins muni að lokum kæfa frelsi einstaklingsins og enda í alræðisríki (Hayek: The Road to Serfdom).

Gallinn við þessa dómadagsspá, að sá, að reynslan hefur einfaldlega afsannað hana. Það er ekkert hæft í þessu. Sovétríkin eru ekki lengur til. Óbeislaður kapítalismi hrekst úr einni tilvistarkreppunni í aðra. En norræna módelið hefur staðist dóm reynslunnar betur en báðir þessir trúboðar Stóra sannleiks. Staðreyndirnar tala sínu máli. Óteljandi skýrslur um frammistöðu þjóðríkja í harðri samkeppni á öld alþjóðavæðingar tala sínu máli. Það er sama hvaða mælikvarða við notum: Norrænu ríkin eru óbrigðult í fremstu röð.

Þetta á ekki síður við um hagræna mælikvarða en aðra: Hagvöxt, framleiðni pr vinnustund, rannsóknir og þróun, tækninýjungar og útbreiðslu þeirra, sköpun starfa, þátttöku á vinnumarkaði (sérstaklega þátttöku kvenna), jafnræði kynjanna, menntunarstig og starfsþjálfun, félagslegan hreyfanleika, heilbrigði og langlífi, gæði innviða, útrýmingu fátæktar, aðgang að óspilltri náttúru, almenn lífsgæði. Og miklu minni ójöfnuð en víðast hvar annars staðar. Rótgróið og vakandi lýðræði. Hvar er fyrirhafnarminnst að stofna fyrirtæki? Í Bandaríkjunum? Nei, þau eru nr. 38 á þeim lista. Danmörk er nr. eitt! Hvað viltu meir?

Kratar í kreppu: Fórnarlömb eigin árangurs?

Hvernig má þá vera, í ljósi þessa árangurs, að jafnaðarmannaflokkarnir í Evrópu – m.a.s. líka á Norðurlöndum – eiga víðast hvar í vök að verjast? Er það vegna þess að velmegun velferðarríkisins „dregur eðlilega úr löngun okkar til að hugsa til breytinga á samfélaginu", eins og Þröstur Ólafsson sagði í sínu erindi. Hann taldi það skýra, að „pólitísk tómhyggja" réði ríkjum. „Við erum... hætt að trúa því, að til sé hagskipan, sem virki betur en kapítalismi, bragðbættur með nýfrjálshyggju", sagði Þröstur.

Þarna er ég ósammála Þresti. Norræna módelið er svar okkar við nýfrjálshyggjunni – og það svínvirkar. Hitt er nær lagi, að við séum fórnarlömb eigin árangurs í þeim skilningi, að ef stéttarríkið sem slíkt tilheyrir nú liðinni tíð, ekki síst fyrir okkar atbeina, „hvaða meining er þá í því að berjast fyrir samfélagi án stéttamismunar?", eins Þröstur spyr. Svo er vofa kommúnismans ekki lengur ofar moldu til a brýna okkur kratana til dáða. Má ekki í vissum skilningi segja, að við höfum þar með „misst glæpinn"?

En ætli Þröstur hafi ekki hitt naglann á höfuðið, þegar hann talaði um mannréttindahreyfinguna í hundrað ár, sem hefur nú týnt draumnum – útópíunni – hugsjóninni um framtíðarlandið, sem á að leysa af hólmi óbreytt ástand og hvetja fólk til baráttu fyrir bættum heimi – breyttu þjóðfélagi? Þetta er nú einu sinni hreyfing, sem eitt sinn „ hafði framtíðina að léni og mótaði samtíma sinn í spegilmynd hennar", eins og Þröstur sagði með svo skáldlegum tilþrifum.

Höfum við virkilega týnt erindisbréfinu? Þröstur segir: „Hér verður „misskipting, hvort heldur sem er tækifæra, auðs eða tekna, sífellt augljósari, alþjóðlega sem og hérlendis. Hér eflast eignastéttir og láta æ meira til sín taka, meðan fátækt er aftur orðin smánarblettur á Íslandi. Með aukinni misskiptingu rýrnar einnig lýðræðið. Enginn jafnaðarmannaflokkur hefur komið með marktækt andsvar við þessu. Því skrikar þeim fótum. Tiltrúin sveipast þoku".

Fórnarlömb eigin árangurs? Eða höfum við gleymt uppruna okkar? Fjöldinn allur af afkomendum verkafólks, sem verkalýðshreyfingin og flokkar jafnaðarmanna ruddu brautina fyrir, hafa klifið menntaveginn og tilheyra nú millistétt. Eigið húsnæði, einstaklingsbundnir starfssamningar, fjölgun sérfræðinga af öllu tagi í þjónustugeirum samfélagsins – allt ýtir þetta undir einhvers konar einstaklingshyggju. Það dregur úr stéttarvitund og félagslegri samstöðu. „Það er ekkert til, sem heitir þjóðfélag – bara einstaklingar", sagði járnfrúin Maggie Thatcher.

Einhvern tíma var sagt: „Forðaðu mér frá vinum mínum – sjálfur get ég séð um óvini mína". Hafa ekki demókratar í Bandaríkjunum vingast um of við auðjöfrana á Wall Street? Það fullyrðir Bernie Sanders. Hafa ekki Blairistarnir vingast um of við braskarana í The City of London? Það segja þeir, sem tóku við verkamannaflokknum af þeim. Höfum við kannski brugðist í því að sjá sjálfir við óvinum okkar?

Frjálshyggjutrúboðið byrjaði eins og við vitum sem uppreisn gegn velferðarríkinu. Velferðarríkið er holdgerving okkar eigin hugmyndafræði. Pólitískt erindisbréf okkar hljóðar upp á að verja hagsmuni vinnandi fólks gegn fjármagnseigendum; að verja almannahagsmuni gegn rótgrónum sérhagsmunum; að verja mannréttindi verkafólks gegn ráðningarvaldi atvinnurekenda. Okkar verkefni er að beita lögmætu valdi lýðræðislegs ríkisvalds gegn sjálfteknu valdi auðræðisins. Þetta er okkar hlutverk. Um þetta snýst okkar pólitíska erindisbréf.

Sjálft norræna módelið á rætur að rekja til þess, að við brugðumst við kerfisbresti hins óhefta kapítalisma með því að koma böndum á skepnuna; með því að beisla græðgi spilavítiskapitalisma, sem lét ekki lengur að stjórn. Nú hefur nýfrjálshyggjan skorið á böndin og hleypt græðgisskepnunni á varnarlausan almenning enn á ný. Og við létum þetta líðast. Sváfum á verðinum. Sjálfir fórnarlömb eigin árangurs?

Í kapítalísku markaðshagkerfi hefur verið óskráður en viðurkenndur þjóðfélagssáttmáli, sem verður að halda í heiðri, ef við eigum að gera okkur vonir um að viðhalda félagslegri samheldni og trausti almennings á stofnunum þjóðfélagsins. Ein grundvallarreglan er þessi: Þú ert frjáls að því að keppa eftir hámarksarði og uppskera ríkulegan ávinning, svo lengi sem þú tekur áhættu með eigið fé og spilar samkvæmt settum leikreglum. Svo lengi sem þú samþykkir, að þú berir tapið sjálfur, ef illa fer. Hagnaður og tap eru tvær hliðar á sömu mynt. Og svo lengi sem þú greiðir skatta og skyldur til samfélagsins, sem gerði þig ríkan. Ljáum eyra Warren Buffet, sem er einn af ríkustu mönnum heims, og sagði um stöðu sína sem margmilljarðamærings: „Hvað ætli hefði orðið úr mér, hefði ég verið fæddur í Bangladesh?"

Það er á grundvelli þessa óskráða þjóðfélagssáttmála, sem flestir samþykkja ójöfnuð upp að vissu marki, sem réttmæta umbun fyrir frumkvæði, dugnað, sköpunarkraft - og vilja til að taka áhættu. En ef þessum grundvallarreglum er öllum snúið á haus; ef ofurarður bóluhagkerfisins er allur einkavæddur (og jafnvel skattsvikinn) en tapið í niðursveiflunni er þjóðnýtt – þá er þessi óskráði þjóðfélagssáttmáli þar með rofinn. Þá erum við ekki bara að fást við afleiðingar fjármálakreppu. Fjármálakreppan er þá að grafa undan burðarstoðum hins kapítalíska markaðskerfis sjálfs. Þá erum við stödd í miðri þjóðfélagskreppu.

Þegar hinir ofurríku – þetta svokallaða 1% - bíta höfuðið af skömminni

með því að fela uppsafnaðan auð sinn í svokölluðu skattaparadísum, til þess að forðast að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, þá hafa þeir tekið lögin í eigin hendur – sagt sig úr lögum við samfélagið. Hinn skattskyldi hluti einn og sér af þeim auði, sem falinn hefur verið í skattaskjólum, utan við lög og rétt, mundi duga til að leysa skuldakreppuna, sem nú hrjáir þjóðríkin eftir hrunið 2008.

Lítill hluti þessara földu fjársjóða hinna fáu mundi duga til að endurreisa velferðarríkin, sem sum eru að hruni komin. Veruleikinn er hins vegar sá, að skattgreiðendur í þeim löndum, sem harðast hafa orðið úti í fjármálakreppunni, eru nú neyddir til að greiða hærri skatta og þola harkalegan niðurskurð á samfélagslegri þjónustu (í heilbrigðis- og menntamálum) – í því skyni að bjarga fjármálakerfi hinna ofurríku. Þetta er harkalegasta ógnin við lýðræðislegt stjórnarfar, allt frá því að fasistar náðu völdum í Evrópu á millistríðsárunum.

Það var getuleysi lýðræðislegra ríkisstjórna til að fást við afleiðingar heimskreppunnar milli 1930-40, sem skapaði frjóan jarðveg fyrir fasismann, sem síðan leiddi af sér seinni heimsstyrjöldina. Þekkjum við ekki sjúkdómseinkennin? Erum við dæmd til að endurtaka öll þessi mistök enn og aftur? Hvenær ætlum við að læra af reynslunni?

Evrópusambandið í gíslingu nýfrjálshyggjunnar

Evrópuhugsjónin snerist frá upphafi um að varðveita frið á hinu stríðshrjáða meginlandi – að koma í veg fyrir stríð. Stofnun og stækkun Evrópusambandsins er það besta, sem gerst hefur í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld. Aðferðafræðin snýst um að gera ríki Evrópu svo háð hvert öðru, að freistingin að leysa ágreiningsmál milli ríkja með valdi væri óhugsandi. Árangurinn er ótvíræður. Friður og framfarir í 70 ár.

En fjármálakreppan hefur leikið Evrópusambandið grátt. Kreppan er svo djúpstæð, að ýkjulaust má tala um tilvistarkreppu. Brexit er áþreifanleg sönnun þess, sem áður þótti óhugsandi: að sjálft Evrópusambandið leystist aftur upp í frumeindir sínar. Hvað er að? Seinustu misserin eru bókahillurnar farnar að svigna undan bókum, sem greina Evrópukreppuna, orsakir hennar og afleiðingar, og hina efnahagslegu uppdráttarsýki (austerity), sem er bein afleiðing hennar. Meðal þeirra vönduðustu er þessi: „The Euro: How a Common Currency Threatens the Future of Europe", eftir Nobels-verðlaunahagfræðinginn, Joseph Stiglitz. Heyrum, hvað hann hefur að segja:

„Evrusamstarfið hófst fyrir sautján árum undir þeim formerkjum að styrkja samhygð og samstarf meðal þjóða Evrópu; tilgangurinn var að yfirstíga landamæri og fóstra samstarfsanda meðal þjóða, sem áður höfðu borist á banaspjót. Reynslan er þveröfug á við það, sem ætlað var. Evrusamstarfið hefur endurvakið árekstra, skapað ný umkvörtunarefni, ýtt undir vantraust og gagnkvæma óvild. Evrusamstarfið, í óbreyttu formi, er hreint út sagt hörmuleg mistök. Það hefur kynt undir vaxandi ójöfnuði og klofið Evrópu í tvær fjandsamlegar fylkingar: lánadrottna og skuldunauta". Stiglitz kemst að eftirfarandi niðurstöðu:

„Fjármálakerfið hefur makað krókinn út á lánstraust ríkisstjórna og niðurgreiðslur skattgreiðenda, án þess að gegna þeim samfélagslegu skyldum, sem hefðbundnum bönkum er ætlað að sinna. ▶

JBH: Fylgiskjal með erindi

– Erindisbréf handa jafnaðarmönnum.

Nokkrar tillögur um breytingar á fjármálakerfinu

- Eldvarnarveggurinn milli venjulegra viðskiptabanka, sem þjóna samfélagi og atvinnulífi annars vegar og hins vegar „skuggabankakerfinu“ (fjárfestinga- og áhættusjóðir) verði endurreistur.
- Lágmarksinnistæðutryggingar sparifjáreigenda nái bara til viðskiptabanka. Áhættufíklar taki sjálfir afleiðingum gerða sinna.
- Risabankar verði leystir upp skv. lögum gegn einokun.
- Þak á ofurlaun og kaupaukafríðindi fjármálafursta. Skattleggjum fríðindin, ef þeir þráast við.
- Afnemum innbyggðan hagsmunaárekstur, sem í því felst, að fjármálastofnanir greiða sjálfar matsstofnunum (rating agencies) fyrir vottunina. Fjárfestar greiði sjálfir fyrir þessa þjónustu.
- Fjárfestingabanki að meirihluta í eigu ríkisins verði stofnaður til að fjármagna vanræktar langtímafjárfestingar í innviðum (svo sem varðandi hreina og endurnýjanlega orku, samgöngur o.fl.).
- Tökum upp Tobin-skattinn (skatt á fjármagnstilfærslur yfir landamæri), bæði til tekjuöflunar og sem stjórntæki.
- Stöðvum skattasamkeppni niður á við milli þjóðríkja innan EES með samræmingu á skattlagningu fyrirtækja og fjármagnstekna.
- Tryggjum, að fjölþjóðafyrirtæki greiði skatta, þar sem tekna er aflað. Náist það ekki fram í fjölþjóðasamstarfi – leggjum þá „lágmarksskatt“ á fjölþjóðafyrirtæki.
- Lokum skattaskjólunum – punktur og basta.
- Seðlabanki Evrópu fái óskorað umboð til að vera lánveitandi aðilarríkja til þrautavara. Umboð hans nái einnig til fullrar atvinnu og hagvaxtar – ekki bara verðbólgu – eins og Seðlabanki Bandaríkjanna.
- *“Bankasamband“ (banking union) nái til allra aðilarríkja ESB, þ.m.t. sameiginlegar innistæðutryggingar til að koma í veg fyrir fjármagnsflótta í kreppum.
- Gerðar verði ráðstafanir til að samræma stefnu í peningamálum og ríkisfjármálum innan ESB.
- Styrkjum ríkisfjármálaarm ESB með því að stofna sameiginlegan auðlegðar- og fjárfestingasjóð fyrir bandalagið í heild.
- Varðandi Ísland: Ríkið reki „samfélagsbanka“. Sparisjóðir verði endurreistir.
- Ríkið viðhaldi þeim höftum sem þarf til að hafa stjórn á gengisskráningu; og koma í veg fyrir vaxta- og gegnismunarbrask.

Frekari heimildir má m.a. finna í eftirfarandi:

Atkinson: Inequality – What Can be Done?
Robert Reich: Saving Capitalism
Stiglitz: The Euro:How a Common Currency Threatens the Future of Europe
David Shirref: Break up the Banks – a Practical Guide to Stopping the Next Global Meltdown

Þetta ofvaxna fjármálakerfi hefur reynst vera ein helsta undirrót ójafnaðar í Evrópu, sem og heiminum öllum.“

Meginrökin eru þessi: Hagkerfi hafa einkum þrenns konar tæki til að laga sig að ytri áföllum eða innra ójafnvægi: Vaxtastig, gengisskráningu og ríkisfjármálaaðgerðir: að hækka eða lækka skatta eða ríkisútgjöld í því skyni að halda aftur af eða örva hagvöxt. Evrusvæðið hefur ekkert af þessum ómissandi stillitækjum eða höggdeyfum á sínu valdi. Og það sem verra er: Evrópski seðlabankinn (ECB) hefur ekki einu sinni umboð til að vera lánveitandi aðildaríkja til þrautavara, ef í nauðir rekur. Þar að auki setur Maastricht-sáttmálinn aðildarríkjum, sem lenda á samdráttarskeiði, svo harða kosti í ríkisfjármálum, að ríkisstjórnir eru sviptar öllum tækjum til að reka hagvaxtarpólitík til að draga úr atvinnuleysi.Þessar þjóðir eru læstar í spennitreyju samdráttar og skuldaþjökunar.

Í stað þess að lagfæra augljósa hönnunargalla peningamálasamstarfsins hafa leiðtogar Evrópu gert illt verra með því að þröngva ríkisstjórnum skuldugu þjóðanna til að reka skattahækkunar/niðurskurðar-pólitík, sem leiðir til meiri samdráttar og hærri skuldabyrði. Allt er þetta gert, samkvæmt Stiglitz, í nafni „löngu úreltrar hagfræðikreddu, sem boðar, að ef ríkisstjórnir einbeiti sér að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum og lágri verðbólgu, megi treysta því, að markaðirnir skili hagvexti“. Hoover reyndi þetta eftir hrunið í Bandaríkjunum eftir 1929. Það endaði í heimskreppu, sem stóð í áratug. Þetta er nýfrjálshyggjukredda, sem á sér enga stoð í veruleikanum.

Hvort sem við erum sammála greiningu Stiglitz eða ekki, tala staðreyndirnar sínu máli: Átta árum eftir hrun fjármálakerfisins er Evrópa enn á samdráttarskeiði. Senn er að baki glataður áratugur. Hagstjórnin er víðs fjarri því að hafa skilað tilætluðum árangri. Þvert á forspá er hlutfall skulda af þjóðarframleiðslu miklu hærra en fyrir hrun. Í mörgum tilfellum eru þessar skuldir ósjálfbærar. Þjóðarframleiðsla þeirra landa, sem harðast hafa verið leikin, hefur ekki náð raungildi þjóðarframleiðslu fyrir kreppu. Þegar allt er lagt saman, má meta tapaða þjóðarframleiðslu á 200 trilljónir evra og töpuð störf í tugum milljóna. Langtímatjón þessarar stefnu er ómetanlegt. Atvinnuleysið, sérstaklega meðal æskufólks, er innbyggt í kerfið. Þessi sólund á mannauði er óbætanleg.

Ójöfnuðurinn fer hraðvaxandi. Hinir ríku verða ríkari, og hinir fátæku fátækari. Það er sótt að millistéttinni á tvennum vígstöðum. Miðjan er við það að halda ekki lengur. Grundvallarreglur hins óskráða þjóðfélagssáttmála lýðræðislegs markaðsþjóðfélags eru ekki haldnar: Gróðinn er einkavæddur, en skuldirnar þjóðnýttar. Í pólitíkinni er djúp undiralda vonbrigða og vantrausts gagnvart pólitískri forystu, sem virðist getu- og úrræðalaus til að fást við efnahagsleg og félagsleg vandamál af þessari stærðargráðu. Brexit er bara viðvörun. Ef ekki verður gripið til róttækra umbótaaðgerða í tæka tíð, getur samheldni Evrópusambandsins sjálfs – og ekki síst peningamálasamstarfsins – verið í hættu.

Undirrót allra þessara vandræða er sjúkt og ósjálfbært fjármálakerfi, sem er sjálft farvegur fyrir tilfærslu auðs og tekna frá framleiðslugeirum þjóðfélagsins til fjármálakerfisins: Frá 99% til 1%. Hlutur launa í þjóðarframleiðslu heimsins hefur minnkað um hundruð milljarða evra á ári á undanförnum árum; á sama tíma hefur hlutur fjármagnsins aukist samsvarandi.

Þetta fjármálakerfi þjónar hvorki langtímahagsmunum samfélagsins né atvinnulífsins. Smá- og meðalstór fyrirtæki skapa 67% nýrra starfa innan Evrópusamstarfsins, en fá í sinn hlut bara brotabrot af útlánum banka. Eftirsókn fjármálastofnana eftir skammtímagróða beinir lánsfjármagninu fyrst og fremst að kauphallarbraski og fasteignaviðskiptum, sem hækkar nafnverð þeirra eigna, sem fyrir eru – og búa til fasteigna- og skuldabólur í leiðinni.

Það er vegna þessa sem ójöfnuðurinn fer svo vaxandi. Það er vegna þessa sem atvinnulaeysið lætur ekki undan síga. Það er vegna þessa sem fátæktin mitt í allsnægtunum fer vaxandi. Það er vegna þessa sem félagsleg samheldni fer þverrandi, en reiði og vantraust fórnarlamba kerfisins fer vaxandi. Svo lengi sem leiðtogar Evrópu bjóða ekki fram neinar sannfærandi lausnir, munu tilfinningar meðal almennings, sem lýsa vonbrigðum, reiði og vantrausti, fara vaxandi. Sjálft lýðræðið er í umsátri fjármálaelitunnar.

Haldi menn, að þessi greining lýsi hættulega róttækum hugmyndum, ættu menn að hlusta á, hvað Merwin King, fyrrverandi seðlabankastjóri Englandsbanka, hafði að segja um efnið í yfirheyrslum frammi fyrir þingnefnd í The House of Commons. Hann sagði: „Of all the the potential ways of organizing an effective financial system to serve our society the one we have is the worst imaginable“ – Hann ætti að vita það.

Vonandi hef ég sagt nóg til að sýna fram á nauðsyn róttækra umbóta. Það dugar ekki lengur að hjakka áfram í sama farinu með viðbragðapólitík – of lítið og of seint. Sem betur fer skortir ekki vandaða greiningu og vel rökstuddar tillögur um umbætur. Markmiðið er að endurskipuleggja fjármálakerfið fyrir 21stu öldina, sem þjónar samfélagi og atvinnulífi fremur en fyrst og fremst sérhagsmunum fjármálaelítunnar.

Án róttækra umbóta mun Evrópusambandið reynast ófært um að gegna jákvæðu hlutverki í alþjóðakerfinu, sem markast m.a. af upprisu Kína, hnignun Bandaríkjanna, hefndarpólitík Rússlands, trúarbragða- og borgarastyrjöldum Mið-Austurlanda, stöðnun kúgunarkerfis Arabaheimsins og vaxandi hryðjuverkahættu. Evrópa mun þá ekki heldur standa að skynsamlegum lausnum á flóttamannavandanum – sem mun fara vaxandi á næstu árum – undir formerkjum mannúðarstefnu.

Að snúa vörn í sókn

Ég lýk þessu spjalli með því að minna á þrjú meginverkefni, sem kalla eftir lausnum í samtíð og náinni framtíð:

Fyrsta verkefni er að koma böndum á sjúkt og stjórnlaust fjármálakerfi; og að koma því aftur undir stjórn og eftirlit lýðræðislegs ríkisvalds. Ég hef sett fram fimmtán tillögur um róttækar umbætur á fjármálakerfinu á sérstökum minnisblöðum, sem fylgja þessu erindi – en hlífi ykkur við upptalningunni, nema eftir verði leitað.

Annað verkefni kallar á langtíma opinberar fjárfestingar í hreinni og endurnýjanlegri orku, sem komi í stað jarðefnaeldsneytis sem drifkraftur hagkerfis framtíðarinnar. Þetta, ásamt alþjóðlegu átaki um hreinsun hafsins, er brýnasta verkefni okkar til þess að draga úr fyrirsjáanlegum hörmulegum afleiðingum loftslagsbreytinga af mannavöldum. Um þetta eiga jafnaðarmenn og umhverfisverndarsinnar að sameinast.

Þriðja verkefnið er að undirbúa nú þegar, hvernig við ætlum að taka á afleiðingum þeirrar tæknibyltingar, sem er á fullu allt í kringum okkur (upplýsingabyltingin, stafræna byltingin og sjálfvirknin), sem mun á næstu árum og áratugum breyta með byltingarkenndum hætti sjálfu eðli vinnunnar í mannlegu samfélagi.

Í náinni framtíð eru allar horfur á, að við stöndum frammi fyrir gríðarlegu og kerfislægu atvinnuleysi sem afleiðingu þessarar tæknibyltingar. Þetta kallar á róttæka hugsun um tekjuskiptinguna og um hlutverk lýðræðislegs ríkisvalds við að skipuleggja þjóðfélagsleg viðbrögð. Róttækar hugmyndir um „grunntekjur“ fyrir alla, eða lágmarks erfðafé fyrir alla við upphaf starfsferils, eiga að vera þegar á dagskrá. Reyndar eru flestar þessara hugmynda ekki eins róttækar og þær hljóma við fyrstu kynni. Sem dæmi má nefna, að hugmyndin um neikvæðan tekjuskatt – lágmarkstryggingu til viðbótar launum, er fyrir löngu komin til framkvæmda og naut meira að segja stuðnings Miltons Freedman, helsta spámanns nýfrjálshyggjunnar.

Þessi þrjú vandamál og lausnir á þeim, eru öll innbyrðis tengd. Lausninrnar kalla á vandlega hannaðar lausnir í anda jafnaðarstefnu, sem og pólitíska aðferðafræði við að vinna þeim fylgi. Pólitískar fosendur fyrir árangri eru að ná málefnalegri samstöðu verkalýðshreyfingar, jafnaðarmannaflokka, umverfisverndarsinna og róttækra vinstrisinna í Evrópu, sem eru fulltrúar ungrar kynslóðar, sem hefur verið skilin eftir utangarðs.

Vegvísarnir eru þegar þarna. Munum vísdómsorð Erlanders: “Markaðurinn er þarfur þjónn, en óþolandi húsbóndi“. Hinn andlegi leiðtogi kaþólsku kirkjunnar er sammála og bætir við: „Peningarnir eiga að þjóna manninum, ekki að stjórna honum“.

Afgangurinn er bara framkvæmdaatriði. Þekkingin er til staðar.

Vilji er allt sem þarf.

Set ehf
röraverksmiðja

Viðtæk þekking, reynsla og geta fyrirtækisins setur það í flokk á meðal helstu röraframleiðenda evrópu.

Forn menningarríki hófu gerð vatnsrenna og lagnastokka fyrir mörgum árþúsundum.
Síðar voru þróaðar vatnsbrýr og málmpípur til að veita vatni til ræktunar, þvotta og drykkjar.
Egyptar, Grikkir og Rómverjar áttu mikla verkmenningu á þessu sviði, en vatnsbrýr Rómverja eru enn í dag taldar meðal helstu verkfræðiafreka mannkyns.

Lagnagerð er því með elstu iðngreinum sögunnar og hefur þróast með tímanum.
Með nýjustu tækni og aðferðum hefur röraverksmiðjan Set skapað sér sérstöðu á heimsvísu með fjölbreytileika í framleiðslu, ásamt því að vera mikilvægur þátttakandi í uppbyggingu og nýsköpun í íslensku samfélagi.

Set ehf.
Röraverksmiðja
Eyravegur 41
800 Selfoss

Sími +354 480 2700
Fax +354 482 2099

set@set.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

www.set.is

Veljum íslenskt og sköpum með því verðmæti og störf.

Set ehf • Röraverksmiðja

SJÁVARÚTVEGUR
UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

Þörungaverksmiðjan hf.

Stofnað 1968

FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA

oddi HF

SVN

Síldarvinnslan hf

Orkubú Vestfjarða

BOLUNGARVÍK

GRINDAVÍKURBÆR
www.grindavik.is

Arkir: Endurbókun

Arkirnar eru ellefu listakonur sem stunda bókverkagerð. Hópurinn hefur sett upp sýningu í Safnahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði. Sýningarstjórn og uppsetning er í höndum Kristínar Þóru Guðbjartsdóttur, Svanborgar Matthíasdóttur og Ingiríðar Óðinsdóttur. Verkin eru flest unnin úr afskrifuðum bókum af Borgarbókasafninu. Sýningunni lýkur 29. október.

Í kynningu segir að að öll verkin á sýningunni eigi það sameiginlegt að vera unnin úr gömlum bókum. Flestar þeirra voru fengnar hjá bókasöfnum. " Bækurnar hafa öðlast nýt tlíf í einstæðum listaverkum þar sem sköpunin er af margvíslegum toga. Listakonurnar sinna öllu jafna fjölbreyttri listsköpun á sviði málara- og grafíklistar, textíllistar, ritlistar, myndlýsinga og hönnunar en eiga það sameiginlegr að hrífast af bókverkum. Bókverk er samheiti yfir listaverk sem tengjast á einhvern hátt bókinni sem formi og hugtaki. Fjölbreytni bókverka er óendanleg enda hugmyndaflug listamannsins eina takmörkunin. Bókverk geta verið fjölfölduð eða einstæð, aðeins til í einu eintaki, með augljósu yfirbragði handverksins eins og mörg verkanna á sýningunni Endurbókun. Aðferðirnar sem notaðar eru við sköpunina eru margvíslegar; pappírsbrot, klippitækni og skurður, textíláðferðir, málun og teikning og þrykkiaðferðir svo nokkuð sé nefnt."

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar
vegna kosninga til Alþingis laugardaginn 29. október 2016

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna kosninga til Alþingis 29. október 2016 hófst 21. september 2016.

Hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum má greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum embættisins sem hér segir:
- Ísafirði, Hafnarstræti 1, *virka daga kl. 9:30 -12:00 og 12:30 - 15:30.*
- Bolungarvík, Aðalstræti 12, *virka daga kl. 10:00 - 15:00.*
- Hólmavík, Hafnarbraut 25, 2. hæð, *virka daga kl. 09:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30.*
- Patreksfirði - skrifstofu sýslumanns, Aðalstræti 92, *virka daga kl. 09:30 - 12:00 og 13:00 - 15:30.*

Þegar nær dregur kjördegi verða settar inn á vef sýslumanna, *www.syslumenn.is* upplýsingar um fleiri kjörstaði, um atkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum í umdæminu og eftir atvikum lengdan afgreiðslutíma .

- Kjósendi skal gæta að hvar hann er á kjörskrá, en nálgast má upplýsingar um það á vefnum *www.island.is*.
- Kjósandi skal, áður en hann greiðir atkvæði utan kjörfundar, gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa vegabréfi, ökuskírteini, nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra.
- Öllum sem eru skráðir á kjörskrá er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá hvaða sýslumanni sem er óháð búsetu eða lögheimili.
- Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, þarf að hafa borist hlutaðeignadi skrifstofu sýslumanns eigi síðar en *þriðjudaginn 25. október nk. kl. 16:00*.

Ísafirði, 10. október 2016.
Jónas Guðmundsson
sýslumaður.

RISA HAUSTTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

VH/16-04

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,7m² m/opnanlegum glugga
kr. 189.900,- án fylgihluta
kr. 219.900,- m/fylgihlutum

ATH! 34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 359.900,- m/fylgihlutum

Elding: Öll sjávarþorp á Vestfjörðum fái byggðakvóta

Smábátafélagið Elding á norðanverðum Vestfjörðum hélt aðalfund sinn í síðasta mánuði. Að venju voru gerðar ályktanir um ýmis mál. Athygli vekur að ályktað er að almennum byggðakvóta til krókaveiða á heimamiðum verði úthlutað til allra sjávarþorpa á Vestfjörðum óháð kvótastöðu fyrirtækja í byggðarlaginu og atvinnuástandi. Er ætlunin með þessu að skapa atvinnugrundvöll fyrir byggðarlagið sem standi óháð kaupum og sölu á kvóta til og frá einstökum byggðarlögum. Kristján Torfi Einarsson, fráfarandi formaður Eldingar leggur áherslu á að ætlunin sé að skapa byggunum varanlegan veiðirétt og á þann hátt verði ráðist að rótum þess vanda sem leiðir af framsali aflaheimilda og hrjáir Vestfirsk sjávarþorp.

Á aðalfundinum var kosin ný stjórn. Ketill Elíasson tók við formennskunni og aðrir í stjórn eru

- Kristján Andri Guðjónsson ritari
- Þórður Sigurvinsson gjaldkeri
- Kristján Torfi Einarsson
- Páll Björnsson
- Karl Kjartansson.

Eftirfarandi eru samþykktir aðalfundarins og verða þær lagðar fyrir aðalfund Landssambands smábátaeigenda.

1. Aðalfundur Eldingar vill að staðið verði vörð um línuívilnun.

2. Aðalfundur Eldingar leggur áherslu á að hvalveiðar haldi áfram.

3. Aðalfundur Eldingar vill að tekin verði upp markaðsívilnun fyrir báta sem landa á markaði með því að lækka veiðigjaldið.

Greinargerð:
- Hægt verður að koma upp greiðslumiðlun og lækka með því umsýslukostnað. Eðlilegt er að viðskiptavinir markaðanna njóti þess.

4. Aðalfundur Eldingar krefst þess að sérstakt gjald (kr. 50.000) á strandveiðileyfi verði fellt niður.

Greinargerð:
- Óeðlilegt er að minnstu veiðileyfin séu ein látin greiða sérstakt gjald.

5. Byggðakvóti

5.1. Almenni byggðakvótinn sem er í umsjón Fiskistofu skal einskorðast við dagróðrabáta á krókaveiðum.

Greinargerð:
- Smábátaútgerð (sér í lagi heilsársútgerð) er nær ávallt staðbundin þ.e.a.s. starfsmennn og eigendur útgerðanna eru búsettir í viðkomandi byggðalagi. Það tryggir margföldunaráhrif í störfum fyrir byggðalagið og auknar tekjur fyrir sveitarfélagið.

5.2. Almennum byggðakvóta til krókaveiða á heimamiðum verði úthlutað til allra sjávarþorpa á Vestfjörðum óháð kvótastöðu fyrirtækja í bænum og atvinnuástandi. Tekið verður mið af veiðireynslu við úthlutun.

Greinargerð:
- Krókaveiðar á heimamiðum byggðanna marka upphaf þorpanna og hafa verið stundaðar óslitið fram á þennan dag. Um er að ræða grunnatvinnuveg byggðanna sem á að vera tryggður fyrir tilfallandi geðþóttaákvörðunum einstaklinga (sala á aflaheimildum) og tímabundnum og kerfislægum sveiflum í efnahagsmálum (gengissveiflur, skulda- og eignabólur).
- Á öruggum og traustum grunni aukast sömuleiðis möguleikar á uppbyggingu annarra atvinnugreina. Fólk er líklegra til að fjárfesta í nýsköpun og ferðaþjónustu á stöðum þar sem fasteignaverð og þjónusta er ekki ofurseld viðskiptum með kvóta.
- Lífsgæði íbúa batna við að losna undan þeirri ævarandi og ávallt nálægu hættu á að aflaheimildir staðarins verði seldar í burtu.

5.3. Samningur um nýtingu á byggðakvóta verði gerður til lengri tíma en nú er gert, t.d. þriggja eða fimm ára með möguleika á endurnýjun.

Greinargerð:
- Veitir útgerðinni fyrirsjáanleika til framtíðar sem jafnframt gefur fyrirtækjum tækifæri til að skipuleggja reksturinn til lengri tíma og eykur fjárfestingagetu þeirra.
- Nýtingarétturinn getur fylgt bátum við eigendaskipti ef nýr rekstraraðili uppfyllir skilyrði samningsins.

6. Öll veiði- og auðlindagjöld renni til viðkomandi byggðalaga og sveitarfélaga.

Greinargerð:
- Tryggja þarf byggðunum öruggar tekjur óháð breytingum á eignarhaldi aflaheimilda. Byggðirnar þurfa t.d. að fjármagna grunnþjónustu hvað sem viðskiptum með kvóta líður.
- Ef aflaheimildir byggðanna eru ekki nýttar getur bærinn gripið til þess ráðs að leigja þær.

7. Handfæraveiðar á uppsjávarfiski verði gerðar frjálsar

Greinargerð:
- Handfæraveiðar skapa alls enga hættu á ofveiði uppsjávarfiska en ofveiði er helsta ástæða fyrir takmörkun á sókn.
- Göngur uppsjávarfiska eru mjög sveiflukenndar og sjálfsagt að byggðirnar njóti þess þegar uppsjávarfiskar ganga á heimamið þeirra.

8. Fyrirkomulagi strandveiða verði breytt þannig að veiðar verði leyfðar fjóra daga í viku yfir fjögurra mánaða tímabil. Tekið verði skýrt fram að aflareynsla á strandveiðum verði aldrei metin til kvóta.

Greinargerð:
- Draga úr áhættu og þeim hvata í kerfinu sem myndast við ólympískar veiðar. Veita útgerðum stöðuleika og getu til að skipuleggja reksturinn til lengri tíma.
- Með því að taka út hvatann, sem vænt kvótaeign miðað við veiðireynslu skapar, er stuðlað að því að jafnvægi myndist í aflabrögðum, sjósókn og rekstri ólíkra fyrirtækja.

9. Elding harmar ákvörðun Hafró og sjávarútvegsráðherra um að auka ekki meira við þorskaflaheimildir fyrir núverandi fiskveiðiár.

Greinargerð:
- Aflabrögð í þorski hafa verið með eindæmum góð á öll veiðafæri undanfarin ár. Það er einróma dómur allra skipstjóra og sjómanna að þorskstofninn þoli mun meira veiðiálag og að óhætt hefði verið að auka þorskkvótann um a.m.k. 30 þúsund tonn.

10. Elding krefst þess að samband AIS kerfisins verði stórbætt úti fyrir Vestfjörðum. Sama má segja um síma- og talstöðvarsamband.

Greinargerð:
- Ef nota á þessi kerfi sem öryggis- eða eftirlitstæki verða þau að virka almennilega. Það vantar búnað í landi til að svo verði.

ÍSAFJARÐARBÆR

Mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær auglýsir laust til umsóknar starf mannauðsstjóra sveitarfélagsins. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi starf. Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með mannauðsmálum sveitarfélagsins, vinnur náið með bæjarstjóra og sinnir alhliða ráðgjöf til stjórnenda. Meginhlutverk hans er að útfæra mannauðsmál í samræmi við stefnu og áherslur sveitarfélagsins. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu og hefur mikil samskipti við aðra starfsmenn Ísafjarðarbæjar. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er jákvæður, þjónustulundaður, flinkur í samskiptum, fróðleiksfús og óhræddur við að sýna frumkvæði.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Vinna að mannauðsstefnu og eftirfylgni með starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar
- Samþætting mannauðsstjórnunar við aðra stjórnun og samræming vinnubragða
- Almenn ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur í mannauðsmálum og ráðningum starfsmanna
- Gerð starfsgreininga og starfslýsinga í samvinnu við starfsmenn og yfirmenn
- Samskipti og samvinna við ýmsa utanaðkomandi aðila
- Framkvæmd kannana, úrbætur og eftirfylgni.

Menntun, reynsla og hæfni:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála eða tengdum greinum
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar- og mannauðsmála
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og geta til að hrinda hlutum í framkvæmd
- Skipulags- og greiningarhæfni og gagnrýnin hugsun
- Rík þjónustulund
- Þekking á sviði stjórnsýsluréttar og vinnuréttar
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2016.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast til mannauðsstjóra á netfangið herdis@isafjörður.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Herdís Rós Kjartansdóttir mannauðsstjóri í síma 450-8000 eða í tölvupósti.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Í MEIRA EN 30 ÁR

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Snorralaug | Gvendarlaug | Grettislaug | Unnarlaug | Geirslaug

Við framleiðum lok á alla potta

Smáhýsi til sýnis og sölu að Auðbrekku 6 í Kópavogi

NormX hefur hafið framleiðslu á smáhýsum sem nýtast við allskonar aðstæður. Verið velkomin í heimsókn til okkar og kynnið ykkur málið. Við bjóðum hagstæð hús frá 8-14,9m² sem hægt er að fá í ýmsum útfærslum og má meðal annars fá húsin ósamsett í 7 einingum.





Einnig bjóðum við nú 24,75m² hús sem kemur fullbúið með baði og 9m² verönd sem kostar aðeins 6.750.000 kr. með sökkulundirstöðum.

Vinsamlega leitið tilboða í hús sem henntar þér! Nánari upplýsingar veitir Kjartan Ragnarsson í síma 770 5144

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Þetta er engin spurning

Viðbótarlífeyrir er nauðsyn



Tryggir þína framtíð

Allianz

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3400 | allianz@allianz.is | allianz.is